

í vöxtu og það endurgreitt á 10 árum með 650 kr. árlega, eða með þeim skilyrðum, **93**  
sem sett verða, þegar búið er að ræða málið á alþingi, og hef jeg beðið landfógetann að 8. ágúst.  
útborga yður upphæð lánsins gegn því að þjer útgefið og afhendið honum fyrir hönd  
sýslunefndarinnar lögformlegt skuldabréf fyrir því, er samið sje samkvæmt ofansögðu.

**Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu** **94**  
**um lán til stofnunar búnaðarskóla fyrir Múlasýslur.** — Með brjefi þessu veitti lands- **25 ágúst.**  
höfðingi samkvæmt heimild þeirri, er gefin er í niðurlagsákvörðun fjárlaganna fyrir 1882  
og 1883, Norðurmúlasýslu 8500 króna lán úr viðlagasjóði, til að stofna búnaðarskóla  
handa báðum Múlasýslum, þannig að lán þetta yrði endurborgað og ávaxtað með 6 af  
hundraði á ári í 28 ár.

### Skýrsla

95

*um fund amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 31. maí og 1. júní 1883.*

Ár 1883, 31. dag maím. var fundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu  
settur á Akureyri af forseta ráðsins, settum amtmanni J. Havsteen, með amtsráðsmön-  
nunum sjera Arnljóti Ólafssyni og umboðsmanni Einari Ásmundssyni.

Á fundinum voru tekin til meðferðar og umræðu þau mál, er hjer eru talin:

1. Landshöfðinginn yfir Íslandi hafði í brjefum 23. nóvbr. og 7. desbr. f. á. skorað á  
amtman að leita álits amtsráðsins um það, hverjar ráðstafanir myndu nauðsynlegar  
eða hagkvæmar til þess að koma í veg fyrir hallæri það, sem fyrirsjáanlegt væri á  
árinu 1883 í sveitum þeim, þar sem bændur vegna fódurskorts hefðu orðið að lóga  
fjárstofn sínum að miklu eða mestu leyti. Með því amtsráðsfundur var nýlega af-  
staðinn, þá er brjef þessi bærust hingað, þar forseti ráðsins sig brjeflega saman við  
meðlimi amtsráðsins um þetta málefni. Það var samhuga álit ráðsins, sem það ljét  
uppi í febr. þ. á., að það gæti eigi betur sjæð, en að afleiðingum fjárfækkunarinnar  
á árinu 1882 mundi að mestu leyti verða afstýrt með því að verja sem bezt á kom-  
anda sumri því fje, sem enn stæði eptir óeytt af samskotagjöfunum í Danmörk; en  
skyldi hin sama ótíð aptur koma, sem gekk yfir landið í fyrra, og hafisar aptur  
leggjast að landinu, væri ekki annað fyrir, en að sýslunefndirnar leituðu lána úr  
viðlagasjóðnum; með þessu fyrir augum hefur forseti ráðsins lagt það til við lands-  
höfðingja, að útveguð verði á næsta alþingi með fjárukalögum heimild til þess að  
veita þeim sýslunefndum, sem færu þess á leit, lán úr viðlagasjóði með svo vægum  
kjörum, sem unnt væri. (Framhald í næsta tölublaði).

### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögnum fyrir 1882 og 1883

10. gr. C. 4.

veitti landshöfðingi samkvæmt tillögum amtsráðsins í suðuramtinu

- a. búnaðarfjelagi suðuramtsins 1566 kr. 66 a. með því skilyrði, að það selji án nokkurs ágóða fyrir  
fjelagið jarðyrkjuverkfæri þau, er það árlega útvegar frá útlöndum og hefur á boðstólum handa  
þeim, sem vinna vilja að jarðabótum.
- b. búnaðarfjelögunum í Hálsahreppi og Andakylshreppi 100 krónur hvoru til að kaupa fyrir jarðyrkju-  
verkfæri

ennfremur:

1000 krónur til að kosta búfræðing til að vera verkstjóri við flóðgardahleðslu fyrir Safarmýri og til þess  
jafnframt að segja fyrir um stíflu og framræslu Hróarsholtslækjar,